

framan, enda hefur ekki í málflutningnum verið gerður neinn ágreiningur af hálfu stefndu út af skilmálunum sérstaklega. Því ber að taka kröfu stefnandans til greina.

Þá ber og að gera stefndu að greiða stefnandanum málskostnað, sem þykir hæfilega metinn kr. 650,00.

Því dæmist rétt vera:

Stefnda, Anna Guðmundsdóttir, skal innan fjögurra vikna frá dómsbirtingu að viðlögðum 50 króna dagsektum undirrita kaupsamning við stefnandann, Óskar Nielsson, um húseignina Bakka-kot á Seltjarnarnesi ásamt tilheyrandi eignarlóð, ca. 1416 ferm, með öllu, sem eigninni fylgir og fylgja ber, fyrir kaupverð að upphæð kr. 65.000,00, og greiði stefnandinn kr. 20.000,00 hinn 1. okt. nk., en fyrir eftirstöðvum kaupverðsins, kr. 25.000,00, gefi stefnandinn út skuldabréf, er greiðist á þrem árum með jöfnum árlegum afborgunum og sé tryggt með 1. veðrétti í áður-nefndri eign, og enn fremur ber stefndu að gefa út afsal 1. október nk. fyrir eign þessari.

Þá greiði stefnda stefnanda málskostnað með kr. 650,00 innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 4. júní 1954.

Nr. 112/1953. Tunnuverksmiðjur ríkisins

(Guttormur Erlendsson)

gegn

Birni Magnússyni (Sveinbjörn Jónsson)

og gagnsök.

Dómendur: hæstaréttardómararnir **Arni Tryggvason,**
Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Þórður
Eyjólfsson og prófessor Ármann Snævarr.

Slysabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 13. ágúst 1953. Hann krefst sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi, sem fengið hefur gjafsókn, hefur samkvæmt áfrýjunarleyfi 24. nóvember 1953 áfrýjað málinu af sinni hendi með stefnu 30. s. m. Hann gerir þær dómkröfur, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum *aðallega* kr. 190.000,00, en *til vara* lægri fjárhæð, ásamt 5% ársvöxtum frá 27. febrúar 1952 til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Af hendi aðilja hafa í Hæstarétti verið lögð fram ýmis ný gögn, þ. á m. skoðunargerð dómkvaddra manna um sögunarvél þá, sem í málinu greinir, og reikningar tryggingarfræðings um fjárhagstjón gagnáfrýjanda ásamt greinargerð um bætur af almannatryggingum, sem hann hefur fengið greiddar og á í vændum lögum samkvæmt. Þá hafa dómendur Hæstaréttar skoðað sögunarvélinu.

Fallast má á það álit héraðsdómenda, að umbúnaður sögunarvélarinnar hafi verið óhæfilegur og að gagnáfrýjandi á hinn bóginn hafi ekki gætt fullrar varúðar, er hann smurði vélinu. Þykir mega staðfesta ákvæði héraðsdóms um ábyrgð á tjóni því, sem af slysinu hlaut.

Þegar litið er til almannatryggingabóta gagnáfrýjanda og með hliðsjón af greindri sakarskiptingu þykja bætur honum til handa úr hendi aðaláfrýjanda fyrir orkutjón alls hæfilega metnar kr. 128.000,00. Þjáningabætur gagnáfrýjanda ákveðast kr. 25.000,00, og á aðaláfrýjandi að greiða þar af kr. 20.000,00. Samkvæmt þessu ber aðaláfrýjanda að greiða gagnáfrýjanda samtals kr. 148.000,00 ásamt vöxtum eins og krafizt er.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað í héraði, kr. 12.500,00. Þá ber aðaláfrýjanda og að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 12.400,00, og hljóti talsmaður gagnáfrýjanda þar af kr. 10.000,00, en ríkissjóður kr. 2.400,00.

Dómsorð :

Aðaláfrýjandi, Tunnuverksmiðjur ríkisins, greiði gagnáfrýjanda, Birni Magnússyni, kr. 148.000,00 ásamt 5% ársvöxtum frá 27. febrúar 1952 til greiðsludags og málskostnað í héraði, kr. 12.500,00.

Aðaláfrýjandi greiði málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 12.400,00, og hljóti talsmaður gagnáfrýjanda, Sveinbjörn Jónsson hæstaréttarlögmaður, þar af kr. 10.000,00, en ríkissjóður kr. 2.400,00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akureyrar 18. maí 1953.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 8. þ. m., hefur stefnandi, Björn Magnússon verkamaður, Aðalstræti 4, Akureyri, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 27. febr. 1952, á hendur stjórn Tunnuverksmiðja ríkisins, Siglufirði, þeim Jóni Þórðarsyni, Erlendi Þorsteinssyni, Ólafi Jónssyni, Birni Kristjánssyni og Birni Jóhannessyni, svo og framkvæmdarstjóra verksmiðjanna, Jóni Stefánssyni, Siglufirði, öllum fyrir hönd verksmiðjanna, og gerir þær kröfur, að stefndu verði dæmdar til að greiða bætur fyrir síðargreint slys, kr. 190.000,00, auk 5% ársvaxta frá útgáfudegi stefnu til greiðsludags og málskostnaðar eftir reikningi eða að mati dómsins.

Stefndu krefjast sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Málavextir eru þeir, að hinn 12. marz 1948 slasaðist stefnandi við vinnu sína, er hann var að smyrja reim á sögunarvél í tunnuverksmiðju ríkisins á Akureyri, þannig, að hægri handleggur hans sagðist því nær af rétt framan við olnboga ölnar megin og síðan á ská niður á við og yfir um til sveifarinnar. Ölnarbeinið sagaðist í sundur á ská, ölnartaugin og miðtaugin skárust sundur, enn fremur ölnarlagæð og bláæð og allir vöðvar ölnar megin á handleggnum, bæði að framan og aftan. Sagað var inn í sveifina rétt framan við sveifarkollinn, sem genginn var úr liði og stóð út í sárið. Hékk handleggurinn einungis á nokkurri húðbrún og vöðvum. Handleggurinn var græddur við með löngum tíma og þjáningarmiklum aðgerðum, eins og síðar verður nánar frá greint, en höndin og framhandleggurinn eru stefnanda gersamlega ónýtt og máttlaus og engin hreyfing í neinum fingri nema ofur lítið í þumalfingri. Stefnandi var alger öryrki, frá því slysið varð til júniloka 1949, að áliti Páls Sigurðssonar tryggingayfirlæknis. Frá 1. júlí 1949 og þar til hann fær gervihandlegg eða tekizt hefur að gera við handlegginn, metur sami læknir örorku stefnanda 75 af hundraði. Guðmundur Karl Pétursson yfirlæknir telur stefnanda hins vegar algeran öryrkja frá slysdegi til 16. sept. 1949, en eftir það metur hann varanlega örorku hans 75—80 af hundraði.

Stefnandi telur, að á stefndu hvíli skylda til að bæta allt tjón, er hann hefur orðið fyrir af völdum þessa slyss. Hann telur sig ekki eiga neina sök á því sjálfan og sé hann ekki með neinum hætti meðvaldur að því. Hann telur, að öryggisútbúnaður til varnar snertingu á reimum vélarinnar hafi verið ófullnægjandi, svo að hættu

hafi stafað af reimunum fyrir þann, sem smurði þær. Öryggishlíf, sem vera átti yfir hnífum vélarinnar og sög, hafði verið brott numin að tilhlutun þeirra, sem verkum stjórnðu í verksmiðjunni, en stefnandi telur óvíst, að slysið hefði orðið, ef nefnd hlíf hefði verið á sínum stað, eða a. m. k. hefði slysið þá orðið smávægilegt.

Stefnandi sundurliðar bótakröfu sína þannig:

1. Bætur fyrir líkamsmeiðsli og orkumissi kr. 160.000,00
2. Bætur fyrir þjáningar og annan miska — 30.000,00

Samtals kr. 190.000,00

Stefndu byggðu sýknukröfu sína á því, að upp hafi komið við réttarrannsókn út af slysinu, að orsök þess hafi verið óaðgæzla stefnanda sjálfs, er hann var að fást við hjólreimar sögunarvélarinnar. Hann hafi sem stjórnandi vélarinnar átt að sjá um, að öryggishlífar væru á henni, jafnvel þótt þær hefðu litlu máli skipt um slys þetta, eins og það bar að höndum. Af þessum sökum er því mót-mælt af hendi stefndu, að þær beri bótaábyrgð á slysinu.

Þegar slysið vildi til, var stefnandi við bakhlíð vélarinnar að smyrja hjólreim, sem var slök. Að baki vélarinnar í nálægt 40 sm hæð er driföxull, sem á eru hjól með reimum, sem lykja um önnur hjól eða ása, sem snúa öxlum þeim, sem hnífarnir og sögin eru á, og skífu þeirri, sem tunnubotnarnir hvíla á, en í vél þessari voru botnarnir sagaðir. Smurning reimanna fór fram með þeim hætti, að stefnandi stóð innan við driföxulinn, milli hans og sjálftrar vélarinnar, til hliðar við reimarnar, hélt á reimvaxi í vinstri hendi og lét það liggja við reimina, sem snerist fyrir vélarafli. Hægri hendi studdi hann ofan á vélina, en ekki er upplýst nákvæmlega, með hverjum hætti það hefur verið, en hnífar og sög eru á vélinni ofanverðri til hægri handar, þegar staðið er að baki hennar eins og stefnandi stóð. Venjulegt var að nota fljótandi vax sem áburð á reimarnar, og voru þær þá smurðar án þess, að vélin væri í gangi, en þeim var þá snúið með handafli. Um þetta leyti var slíkt vax ekki til, og var þá notað vax í föstu formi, en ekki var unnt að smyrja með því, nema vélin væri í gangi. Snúningshraði ássins, sem hnífarnir og sögin eru á, er talinn um 2—3 þús. snúningar á mínútu. Á vélinni eru a. m. k. 4 hjólreimar, allar óvarðar og hlífarlausar. Þegar smurðar eru reimar þær, sem snúa ásum þeim, sem hnífarnir og sögin eru á, verður sá, sem smyr, að beygja sig allmikið áfram til þess að ná til þeirra. Þegar slysið varð, var stefnandi að smyrja aðra hvora þessa reim, og snart hann þá óvart með fæti (hægri fæti að sögn hans) reim, er hann stóð við og snerist með fullum hraða eins og aðrar reimar vélarinnar. Við snertingu þessa kipptist hann til eða einhver hreyfing kom á hann og þá einnig hægri handlegg hans. Náðu þá hnífarnir í jakkaermi hans, tættu hana í sundur og drógu handlegg hans að söginni með þeim afleiðingum, sem fyrr var frá skýrt.

Yfir hnifum vélarinnar og sög átti að vera járnhlíf, þeim megin, sem fram sneri, og hafði vélaeftirlitsmaður ríkisins fyrirskipað að setja upp hlíf þessa. Hún var aðallega til varnar því, að hnífabrot, kvistir og rusl köstuðust í þá, sem unnu við vélina eða komu í námunda við hana. Hlífinn þótti vera til tafar, þegar saga þurfti bætta tunnubotna, og var hún því numin brott að tilhlutun verkstjóranna og ekki notuð nema endrum og sinnum. Þegar slysið varð, var hlíf þessi ekki á vélinni. Stefnandi kveðst hafa verið vanur, er hann smurði reimar, að styðja hægri hendi ofan á hlífina, þegar hún var á sínum stað. Eins og fyrr var getið, telur hann, að óvíst sé, að slys hefði orðið, ef hún hefði verið á sínum stað, a. m. k. hefði hann þá ekki hlotið nema smávægileg meiðsli, og sögin hefði þá ekki náð að limlesta hann. Verkstjóri stefnanda, Ágúst Ásgrímsson, heldur því hins vegar fram, að engin líkindi séu til þess, að hlíf þessi hefði komið í veg fyrir slysið. Þess ber þó að gæta um vætti þessa vitnis, að hann réð því, að hlífinn var ekki notuð að staðaldri þrátt fyrir fyrirmæli vélaeftirlitsmannsins. Vélaeftirlitsmaðurinn, Vilhjálmur Jónsson, telur erfitt að fullyrða, hvort hlífinn hefði varnað slysinu. Þórður Runólfsson, forstöðumaður vélaeftirlits ríkisins, telur ekki líklegt, að hlífinn hefði dregið úr slysinu, þó að hún hefði verið á vélinni. Hins vegar telur hann, að ætla megi, að ef búið hefði verið að koma upp reimhlífum, sem starfsmaður hans hafði fyrirskipað, en ekki höfðu verið settar upp, hefðu þær átt að geta hindrað stefnanda í að komast það nærri reimumum, að þær næðu að slást í fætur hans.

Að áliti hinna sérfróðu manna í dóminum, sem ásamt dómsformanni hafa skoðað vél þá, sem um ræðir í máli þessu, hefur umbúnaður um hnifa hennar og sög verið óhæfilegur, en tiltölulega auðvelt hefði verið að koma fyrir stórum betri umbúnaði til varnar slysaheftu. Á sama hátt telja þeir óhæfilegt, að ekki voru neinar hlífar um reimar vélarinnar og þær algerlega óvarðar, ekki sízt þegar tekið er tillit til þess, á hvern hátt smurning reimanna þurfti að fara fram.

Um vinnuöryggi við vélar giltu á þessum tíma lög nr. 24/1928, um eftirlit með verksmiðjum og vélum, og reglugerð um sama efni, nr. 10/1929. Í 11. gr. laganna segir, að girðingar og hlífar skuli settar um hjól, ása, reimar og alla hreyfihluta véla, er mönnum stafar hættu af að nálgast. Í 12. gr. laganna segir, að þar sem smyrja þarf, hreinsa og líta eftir vél, á meðan hún starfar, skuli svo um búið, að það verði gert án hættu. Um þetta eru nánari ákvæði í 16. og 37. gr. reglugerðarinnar, sbr. 39. gr. Þessara ákvæða hefur engan veginn verið gætt nægilega um vél þá, er hér ræðir um. Hlýtur allt þetta að leiða til þess, að stefndu beri bótaábyrgð gagnvart stefnanda á tjóni því, er hann hlaut og mál þetta ræðir um.

Stefnandi kveðst hafa kvartað undan því, jafnvel tvívegis, við verkstjórnann, er öryggishlífinn var ekki á sínum stað. Verkstjórinn

kveðst ekki muna eftir kvörtunum þessum, og er ekki annað upplýst þar um. Ekki er því haldið fram af stefnanda, að hann hafi kvartað um, að ekki væri öryggisútbúnaður á reimum. Þegar virt eru þau vinnuskilyrði, sem þarna voru fyrir hendi, var rik ástæða til þess fyrir stefnanda að viðhafa fyllstu varúð við starfið. Sýnt þykir, að nokkuð hafi brostið á það, og þykir, eins og á stendur, hæfilegt, að af þeim sökum beri stefnandi einn fimmta hluta tjónsins sjálfur.

Stefnandi var 44 ára, er slysið varð. Hann stundaði landbúnaðarstörf og verkamannavinnu jöfnum höndum. Samkvæmt vottorði Skattstofu Akureyrar hafa nettótekjur allmargra verkamanna árin 1948—1952 numið frá ca. 20 þús. kr. á ári og allt að 38 þús. krónum. Stefnandi fékk greiddar slysabætur frá Tryggingastofnun ríkisins, kr. 9.500,00, árið 1948, og örorkulífeyri hefur hann fengið frá og með árinu 1949 og barnalífeyri, en börn hans eru 5. Greiðslur þessar hafa numið samanlagt árin 1949, 1950 og 1951 kr. 51.737,80. Atvinnutekjur stefnanda eftir slysið hafa verið svo að segja engar. Að áliti læknanna Guðmundar Karls Péturssonar og Snorra Hallgrímssonar er engin von til þess, að höndin verði til nokkurs nýt nema til þess að styðja með henni. Með hliðsjón af aldri stefnanda, orkutapi, atvinnutekjum hans fyrir og eftir slysið og örorkulífeyri, sem hann hefur notið frá Tryggingastofnun ríkisins og nýtur væntanlega framvegis, og öðrum atriðum, er máli skipta, þykir kröfu stefnanda um bætur fyrir orkumissi, kr. 160.000,00, í hóf stillt, og verður sú upphæð lögð til grundvallar við ákvörðun bóta úr hendi stefndu.

Um bætur fyrir þjáningar og miska verður þetta sagt: Stefnandi dvaldist fyrst í Sjúkrahúsi Akureyrar frá 12. marz til 19. apríl 1948. Erfiðlega gekk að græða handlegginn. Ölnarbeinið greri ekki saman, og myndaðist þar falskur liður. Reynt var að lagfæra þetta, og dvaldist stefnandi aftur í sama sjúkrahúsi af þeim sökum frá 15. febr. til 1. marz 1949. Sú tilraun bar þó ekki árangur. Enn dvaldist hann í Landspítalanum 20. febr. til 10. marz 1951, og var þá reynt með skurðaðgerð að gera við brotið á ölnarbeininu. Sú aðgerð bar þann árangur, að sársauki og óþægindi, sem stefnandi hafði haft að staðaldri í falska liðnum, minnkaði. Hins vegar hefur hann enn þrautir í handleggnum, sem oft halda fyrir honum vöku, og kuldi sækir á höndina. Höndin er krækla, engin hreyfing í fjórum fingrum, sem eru réttir í efsta hnúalið, en krepptir í mið- og fremstu hnúaliðum. Þegar þetta er virt, þykja bætur fyrir þjáningar og miska hæfilega ákveðnar kr. 20.000,00.

Samkvæmt þessu telst tjón stefnanda hafa numið alls kr. 180.000,00, og ber stefndu að bæta það að fjórum fimmtu hlutum með kr. 144.000,00, sem dæma ber þær til að greiða ásamt 5% ársvöxtum frá 27. febr. 1952 til greiðsludags og málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 12.500,00.

Dóm þennan kváðu upp Friðjón Skarphéðinsson bæjarfógeti og meðdómendurnir Ásgeir Valdimarsson verkfræðingur og Guðmund-

ur Gunnarsson byggingarmeistari. Dómsuppsögn hefur dregið um venju fram vegna veikinda dómsformanns og annars meðdóm- andans.

Dómsorð:

Stefndu, stjórn Tunnuverksmiðja ríkisins og framkvæmdar- stjóri f. h. verksmiðjanna, greiði stefnanda, Birni Magnússyni, kr. 144.000,00 auk 5% ársvaxta frá 27. febr. 1952 til greiðslu- dags og kr. 12.500,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lög- birtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 8. júní 1954.

Kærumálið nr. 11/1954.

Kristján Gíslason og Gróa Sigurbjörnsdóttir

(Áki Jakobsson hdl.)

gegn

Borgarstjóranum í Reykjavík f.h. bæjarsjóðs

(Guðm. Vignir Jósefsson hdl.).

Dómendur: hæstaréttardómararnir Árni Tryggvason,

Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Þórður

Eyjólfsson og prófessor Ólafur Lárusson.

Héraðsdómar ómerktir. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Guðmundur Ingvi Sigurðsson, fulltrúi sakadómarans í Reykjavík, hefur kveðið upp hina kærðu úrskurði.

Með kæru, dags. 23. marz þ. á., sem hingað barst 29. s. m., hefur sóknaraðili Kristján Gíslason, Réttarholtsvegi 28, skotið til Hæstaréttar úrskurði sakadóms Reykjavíkur, upp kveðnum 18. marz 1954, þar sem úrskurðað er niðurrif á „húsi hans“ við Réttarholtsveg.

Þá hefur sóknaraðili Gróa Sigurbjörnsdóttir, Réttarholtsvegi 28, með kæru, dags. 26. marz 1954, sem hingað barst 29. s. m., skotið til Hæstaréttar úrskurði sakadóms Reykjavíkur, upp kveðnum 25. marz 1954, þar sem kveðið er á um niðurrif húss hennar við Réttarholtsveg.